

Safnaðarblað Akraneskirkyju

Apríl 2002 - 1. tbl. 3. árg.



Kæri lesandi

Safnaðarblað Akraneskirky er nú gefið út í þriðja sinn á jafnmörgum árum. Hér gefur m.a. að líta fréttir og ljósmyndir af helstu viðburðum í safnaðarstarfinu á síðasta ári. Hvorki fleiri né færri en 25 þúsund manns sóttu þá helgihald í kirkjunni, að útförum meðtöldum. Álíka margir sóttu samkomur af ýmsu tagi í Safnaðarheimilinu Vinaminni – svo sem fyrirlestra, námskeið, tónleika og erfidrykkjur. Er þá enn ónefndur sá hópur fólks sem þiggur sálgæslu hjá kirkjunni og á samtöl við sóknarprest og annað starfsfólk kirkjunnar um ýmis málefni.

Akraneskirky starfar á vettvangi lífsins alla daga, er þátttakandi á stærstu og helgustu stundum í lífi fólks, allt frá vöggu til grafar. Félagsstarf kirkjunnar tekur líka mið af því að þjóna fólki á öllum aldri. Á hverju ári er reynt að brydda upp á ýmsum nýjungum til að laða fólk að safnaðarstarfi og vekja það til lifandi trúar á Jesú Krist.

Í þeim tilgangi er þetta blað líka gefið út. Megi það verða til þess að glæða áhuga þinn á því sem kirkjan er að gera og verða þér hvatning til þess að taka þátt í helgihaldi og öðrum samkomum á vegum kirkjunnar.

Hjónadagar í Akraneskirky

Þegar hjón eru gefin saman, þá eru þau ævinlega minnt á mikilvægi þess að rækta hjónabandið svo að það verði farsælt. Ekkert hjónaband verður gott af engu! Það þarf að vökva það og næra – líkt og hvert annað lífsblóm!

Þegar hjón eru gefin saman af presti, þá tekur kirkjan vissa ábyrgð á hjónabandinu. Af þeirri ástæðu hefur Akraneskirky boðið upp á fyrirlestra og námskeið á haustdögum undanfarin ár um hjónabandið og sambúðina. Í fyrra var fyrirlesari okkar sr. Þórhallur Heimisson sem haldið hefur vinsæl hjónanámskeið víða um land. Hann fjallaði um samskipti kynjanna; vonir, væntingar og vonbrigði – og hvernig

mætti styrkja samskipti og tjáskipti. Hátt á annað hundrað manns sótti þennan fyrirlestur og vakti hann mikla hrifningu.

Nokkrum dögum seinna, hinn 26. október, var svo „dagur hjónabandsins“ haldinn hátíðlegur í Akraneskirky í þriðja sinn. Var guðsþjónustan þann dag helguð hjónabandinu og tók bæði prédikun sóknarprests og sálmaðal mið af því. Að athöfn lokinni voru kaffiveitingar í safnaðarheimilinu.

Dagur hjónabandsins verður næst haldinn hátíðlegur 20. október nk. Takið þann dag frá í tíma og bjóðið ástinni ykkar til kirkju! Þeim tíma

Guðsþjónusta

í tilefni af 50 ára afmæli Sjúkrahúss Akraness

Þess var minnst í guðsþjónustu í Akraneskirky, sunnudaginn 17. mars sl., að hálf öld er liðin frá því að Sjúkrahús Akraness tók til starfa. Bedið var fyrir starfsemi sjúkrahússins og fulltrúar starfsfólks aðstoðuðu við helgihaldið, fluttu bænir og ritningarorð. Steinunn Sigurðardóttir hjúkrunarforstjóri ávarpaði kirkjugesti og Kirkjukór Akraness flutti falleg tónverk.

Að guðsþjónustu lokinni var boðið til kaffisamsætis – sem Sjúkrahús Akraness stóð að í samstarfi við Akraneskirky – í Safnaðarheimilinu Vinaminni.

Tvær guðsþjónustur á árinu verða helgaðar hálfri aldar afmælinu. Síðari guðsþjónustan verður 17. nóvember nk. en þá verður Guðjón Brjánsson, forstjóri sjúkrahússins, ræðumaður dagsins.

Safnaðarblað Akraneskirky

1. tölublað 3. árg. Apríl 2002.

Útgefandi:
Akranessókn.

Umsjón:
Eðvarð Ingólfsson (ábm),
Indriði Valdimarsson.

Prentun:
Prentverk Akraness hf.

Gefið út í 2400 eintökum.

Sóknarnefnd:
Þjóðbjörn Hannesson, formaður.
Jóhannes Ingbjartsson, ritari.
Bryndís Bragadóttir,
Brynja Einaradóttir,
Dagbjört Friðriksdóttir,
Hörður Pálsson,
Ingimar Magnússon,
Magnús Oddsson,
Svandís Sturludóttir,
Þóra Björk Kristinsdóttir.

Ljósmyndir af fermingarbörnum:
Myndsmiðjan

Efnisyfirlit

Hugleiðing sóknarprests	3
Barna- og æskulýðsstarfið	4
Viðtal við Indriða Valdimarsson	6
Bústaðakirkja - vinakirkja	7
Kristniboðsdagar	8
Gísl Einarsson - ræða	9
Æskulýðsdagur	10
Viðtal við Magneu og Þórnýju	12
Helstu framkvæmdir í fyrra	13
Samverur foreldra ungbarna	14
Sagt frá starfi kirkjukórsins	15
Félagsstarf eldri borgara	16
Kirkjunefnd kvenna	17
Myndir af fermingarbörnum 2001	19
Fermingarborn á Akranesi vorið 2002 – nafnalisti	22

Eðvarð Ingólfsson sóknarprestur:

Gylliboðin mörgu

Þau eru mörg tilboðin í nútíma-veröld! Margir reyna að selja okkur varning af ýmsu tagi. Gsm-símar eru boðnir á hlægilegu verði, við fáum hamborgaratilboð, pitsutilboð, ferðatilboð – og bara nefndu það!! Hver kannast ekki við auglýsingaslagorðin: Tveir fyrir einn! Eða: Fyrstir koma, fyrstir fá!

Öll þessi tilboð miða að því að fá okkur í viðskipti. Það er síðan okkar að velja og hafna! Sjálfur fell ég endrum og eins fyrir þessum tilboðum og það gerir þið mörg væntanlega líka. Hver vill ekki eignast girnilega vöru á sem lægsta verði? Hvaða kjötunnandi slær hendinni á móti tveim hamborgurum á verði eins?? Ekki ég!!

Það er nauðsynlegt að borða, víst er það! Þess vegna þurfum við öll að hafa augu og eyru opin fyrir góðum tilboðum alla daga. En við verðum bara einu sinni södd af hverri máltíð og þurfum því aftur og aftur að kaupa okkur meira að borða.

Það er staðreynd, þegar allt kemur til alls, að maðurinn lifir ekki á brauði einu saman. Það orðatiltæki er sótt til Jesú. Við lifum ekki til að borða, heldur borðum við til þess að lifa. Við þurfum líka að næra okkar andlega líf. Og

það er ekki sama hvernig það er gert. Ef við trúum því að líf sé eftir þetta jarðlíf, þá er nauðsynlegt að við lifum í ljósi þeirrar trúar og vitneskju – en beinum ekki sjónum okkar eingöngu að magafyllingunni og stundaráægjunni.

Kirkjan gerir mönnum líka tilboð. Hún er alltaf að minna á gylliboð Guðs. Það hefur hún gert hér á landi í þúsund ár. Hún segir: Ef þú vilt eignast sálarfrið og hamingju, þá skaltu opna hjarta þitt fyrir Jesú Kristi og leyfa honum að móta hugarfar þitt og breytni! Ef þú gerir það, þá þarftu engu að kvíða um framtíð þína.

Ég nefndi í upphafi tilboðin sem dynja á okkur alla daga. Þau gagnast okkur að vissu marki. Matartilboð gagnast okkur af því að við þurfum að borða. En svo herðir að í lífi okkar, degi tekur að halla og líf er kvatt. Hvað þá? Ekki forðar tvöfaldur hamborgari, þótt góður sé, okkur frá dauða? Glæt-an!! eins og unglíngarnir segja. Ekki veitir hann okkur eilíft líf!! Ekki heldur 12 tommu pítsa með skinku og nautahakki!? Gsm-sím-inn veitir okkur ekki heldur eilíft líf, þótt góður sé.

En hvað um kirkjuna og gylli-



boð hennar? Hún segir og hefur sagt í 2000 ár: Jesús Kristur er sá eini sem getur uppfyllt allar þínar mikilvægustu þarfir. Hjálp hans er ekki bundin tíma og rúmi heldur er hún eilíf. Hann vill að þú gangir á hinum góða vegi, gangir á vegi dygðarinnar, látir gott af þér leiða, sýnir öðrum kærleika og berir heiminum vitni þess að þú sért barn Guðs.

Þetta vill hann, frelsari okkar og vinur. Hann vill vera förunautur okkar á lífsins leið.

Þökk sé Guði fyrir tilboð allra tíma, tilboð sem er ókeypiss og mun gagnast okkur um ókomna tíð! Jesús Kristur er hið sanna brauð sem veitir eilíft líf. Og það er gott að fá að hvíla í öryggi þeirrar trúar þegar yfir skyggir síðast.

„Blessaður er sá maður sem reiði sig á Drottin og lætur Drottin vera athvarf sitt“ (Jer. 17,7).

Djassmessa

Kirkjukór Akraneskirky hefur ráðist í æfingu á viðamiklu tónverki, heimsfrægri djassmessu (Sacred Concert) eftir Duke Ellington. Hún hefur aðeins einu sinni áður verið flutt hérlendis. Stefnt er að frumflutningi í Bíóhöllinni, fimmtudaginn 30. maí nk. Fjöldi manns kemur að þessari uppfærslu, 35 til 40 manna sönghópur, 5 hljóðfæraleikarar og ein djasssöngkona.

Tónlistarstjóri er Hannes Baldursson, organisti Akraneskirky. Hljóðfæraleikarar eru allir landsþekktir. Sigurður Flosason leikur á saxófón, Gunnar Hrafnsson á bassa, Kjartan Valdimarsson á píanó og Erik Quick á trommur. Einsöngvari er Andrea Gylfadóttir.

Akurnesingar: Missið ekki af merkum tónlistarviðburði í vor!



„Djúp og breið . . .“

Barnasálmurinn, Djúp og breið, er einn af vinsælustu sálmunum sem börnin í Kirkjuskóla Akraneskirky syngja. Þetta er skemmtilegur hreyfisöngur þar sem hægt er að bregða á leik með ýmsu móti.

Kirkjuskólinn hefur verið mjög vel sóttur í vetur. Leiðtogi er Hreiðar Örn Stefánsson en undirleikari eftir áramót er Hannes Baldursson.

Kirkjuskólanum er ætlað það hlutverk að aðstoða foreldra við trúaruppeldi barnanna. Sagðar eru sögur sem hafa bæði skemmti- og fræðslugildi, sungnir skemmtilegir barnasálmur og börnin læra bænir og vers. Í kirkjuskólanum eignast þau dýrmætt veganesti sem nýtist þeim ævina á enda ef það er ávaxtað vel. - Kirkjuskólinn er fyrir börn á aldrinum 3ja til 8 ára.



TTT (10 til 12 ára) starfið vinsælt

Í fyrrahaust voru þau Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir og Matthías Matthíasson ráðin til að hafa umsjón með TTT-starfi Akraneskirku. Skemmt er frá því að segja að starfið hefur heppnast mjög vel og hafa að meðaltali 25 til 30 börn sótt fundina – en flest hafa þau orðið 80.

Börnin hittast á mánudögum í félagsheimili KFUM og -K við Garðabraut. Farið er í ýmsa leiki, horft á myndbönd og boðið er upp á stutta fræðslu og helgistund hverju sinni. Aðalumræðuefnið í vetur hefur verið „einelti og vinátta“.

Börnin tóku þátt í aðventuhátíð

Akraneskirku fyrir síðustu jól og þau voru með upplestur á kvöldvöku æskulýðsdagsins. Þau fengu að gista eina nótt í Skátahúsinu með tilheyrandi skemmtilegheitum (borðuð pitsa, horft á myndbönd og farið í leiki). Einnig var farið í Borgarleikhúsið og horft á leikritið Blíðfinn. Fyrir stuttu tóku síðan allmörg barnanna þátt í æskulýðsmóti sem haldið var í Vatna-skógi.



„Fjölbreytt og krefjandi starf“

Rætt við Indriða Valdimarsson

Indriði Valdimarsson hefur starfað hjá Akraneskirky síðan 1. febrúar í fyrra. Hann vann áður hjá Prentverki Akraness - í ein 36 ár og sem framkvæmdastjóri frá 1982. Eiginkona hans er Sigurlaug Guðmundsdóttir kennari og eiga þau þrjú börn og tvö barnabörn.

Indriði hefur nú þrjá titla; hann er skrifstofustjóri, útfararstjóri og kirkjugarðsvörður. Starf skrifstofustjóra er fjölbætt en hér er um nýtt stöðugildi að ræða hjá Akranessöfnuði. Hann sér um starfsmannahald og er sóknarprestur til aðstoðar við uppbyggingu og framkvæmd safnaðarstarfs. Hann heldur t.a.m. utan um félagsstarf eldri borgara og er leiðtogum í barna- og æskulýðsstarfi innan handar um marga hluti.

Skrifstofustjóri færir nú allt bókhald kirkjunnar en það var áður gert á endurskoðunarskrifstofu. Einnig sér hann um rekstur tölvukerfis og er heimasíða í undirbúningi. Auk þessa sér Indriði um skýrslugerðir ýmskonar, bæði fyrir sóknarnefnd og sóknarprest. Er þá fátt eitt nefnt.

Mikil reynsla á kirkjulegum vettvangi

– En hvernig stóð á því að framkvæmdastjóri prentsmíðu sótti um þetta starf?

„Mér fannst, eftir 36 ára starf í prentiðnaði, orðið tímabært að skipta um starfsvettvang.“ svarar Indriði. „En áhugi minn á kirkjulegu starfi vó þó þungst. Ég hef haft sterkar taugar til kirkjunnar minnar frá því að ég var

ungur drengur. Móðurfórelldrar mínir, þau Ólafur B. Björnsson, og Ása Finsen, voru einstakir kirkjuvinir en afi var organisti kirkjunnar í mörg ár. Ég fór oft með þeim í messur.

Fórelldrar mínir tóku líka virkan þátt í starfi kirkjunnar. Þau sungu bæði í kirkjukórnum, auk þess sem móðir mín var lengi í sóknarnefnd og hún hefur verið í kirkjunefndinni í áratugi. Því má segja að kirkjan hafi snemma skipað háan sess í mínu lífi.“

Þegar Indriði fullorðnaðist fór hann sjálfur að taka þátt í félagsstörfum innan kirkjunnar og hann segir að sú reynsla nýtist sér vel í starfi. Hann söng m.a. með kór Akraneskirky í tæpan aldarfjórðung og var formaður stjórnar kórsins um tíma. Sömu leiðis hefur hann setið í sóknarnefnd í meira en áratug, þar af sem formaður í fáein ár. Það hefur því fátt komið honum á óvart í nýju starfi.

„Þetta er bæði fjölbreytilegt og krefjandi starf sem ég gegni,“ segir Indriði. „Enginn dagur er eins. Fólk leitar mikið til kirkjunnar með ýms mál og mörgum erindum þarf að sinna. Vettvangur kirkjunnar spannar í raun allt litrófið frá vöggu til grafar.“

Miklir vaxtarmöguleikar

Akraneskirky hefur rekið útfararþjónustu í tæpa þrjú áratugi. Hvernig kann Indriði við sig í hlutverki útfararstjóra?



„Ég finn mig ágætlega í því,“ svarar hann. „Starf útfararstjóra er sá starfsþáttur - af þessum þrem sem ég gegni - sem gerir mestar kröfur til manns. Þetta er mjög viðkvæmur vettvangur. En mér finnst vænt um að geta orðið aðstandendum að liði. Maður reynir að vera heill og einlægur í því sem maður er að gera.“

– En hvað finnst þér skemmtilegast í nýju starfi?

„Það er t.d. mjög gaman að fá að vera þátttakandi í að byggja upp öflugt safnaðarstarf og þar eru ýmsir vaxtarmöguleikar. Kirkjan reynir að laga sig að nýjum tímum og mæta þörfum fólks á öllum aldri.“

Indriði er að lokum spurður að því hvernig hann sjái fyrir sér framtíð Akranessafnaðar.

„Ég er bjartsýnn á hana,“ svarar hann. „Hér er mikið og blómlegt safnaðarstarf og fólk metur starf kirkjunnar að verðleikum. Æ fleira ungt fólk kemur til liðs við hana. Gospelkórinn, sem sungið hefur við poppmessur hér á Akranesi undanfarið ár, er gott dæmi um það. Á meðan mikill velvilji ríkir í garð kristinnar kirky þurfum við engar áhyggjur að hafa af framtíð hennar.“

Bústaðakirkja - vinakirkja

Í apríl í fyrra hittust sóknarnefndir Akraneskirky og Bústaðakirkju og áttu skemmtilega kvöldstund saman í Safnaðarheimilinu Vinaminni. Þá var ákveðið að kirkjurnar yrðu „vinakirkjur“. Það felur í sér að þær hafi samstarf á ýmsum sviðum safnaðarstarfs og miðli þekkingu og upplýsingum sín á milli sem gætu auðgað starf beggja safnaða.

Nú þegar hafa hópar farið á milli. Félagsstarf aldraðra í Bústaðakirkju hefur heimsótt okkur og stefnt er að því að sú heimsókn verði endurgoldin syðra 17. apríl nk. Barna- og bjöllukór Bústaðakirkju tók þátt í guðsþjónustu hér í fyrra, kirkjunefndirnar hafa hist, sóknarprestur og kór Bústaðakirkju tóku þátt í fjölmennri kvöldguðsþjónustu á Akranesi í ágúst í fyrra – og 10. febrúar sl. tókum við þátt í sameiginlegri guðsþjónustu í Bústaðakirkju.

Miklar vonir eru bundnar við þetta samstarf kirknanna.



Frá sameiginlegri kvöldstund á Akranesi í fyrra.



Formenn sóknarnefnda.



Englakór Bústaðakirkju á Akranesi.



Tveir félagar úr kór Bústaðakirkju komu hingað uppeftir á mótörhjól.



„Farið og gjörið allar þjóðir að lærisveinum . . .“

Kristniboðsdagar á Akranesi

Hinir árlegu kristniboðsdagar voru haldnir í Akraneskirky - í samstarfi við Kristniboðssambandið og KFUM og K - dagana 24. til 28. febrúar síðastliðinn. Guðsþjónustan 24. febrúar var helguð kristniboðinu og þar prédikaði Ragnar Gunnarsson kristniboði. Síðan voru kvöldsamkomur í Akraneskirky tvö kvöld í röð þar sem kristniboðsstarfið var kynnt í máli og myndum. Kanga-kvartettinn söng á seinni samkomunni. Þriðja og síðasta kvöldið var svo samkoma í Félagshemili KFUM og K við Garðabraut. Sömmuleiðis var haldin kristniboðssamkoma á Dvalarheimilinu Höfða.

Allar þessar samkomur voru ágætlega sóttar.



Ragnar Gunnarsson, kristniboði á efri mynd. Samkomugestir á þeirri neðri.



Barnaleikrit í Akranes- kirky

Stoppleikhópurinn sýndi „Ævintýri Kuggs og Málfríðar“ í Akraneskirky í febrúar. Leikgerðin er byggð á vinsælum barnabókum Sigrúnar Eldjárn um áður nefndar persónur. Leikritið fjallar um vináttuna og það hvernig má brúa kynslóðabilið. Leikendur eru tveir, þau Eggert Kaaber og



Katrín Þorkelsdóttir, og fóru þau á kostum!

Sýningin er ætluð börnum á aldrinum 3ja til 8 ára og tekur 40 mínútur í flutningi. Rúmlega 250 manns; börn, foreldrar og afar og ömmur sáu leikritið í Akraneskirky og skemmtu þau sér vel. Ekkert kynslóðabil var í kirkjunni þann daginn!

Stoppaleikhúsið hefur áður sýnt í Akraneskirky við góðar undirtektir.

Gísli S. Einarsson alþingismaður:

Hvað gefur lífinu gildi?

Ræða flutt í félagsstarfi eldri borgara á aðventu

Ágætu áheyrendur. Ég velti því dálítið fyrir mér hvernig ég ætti að nálgast ykkur í orðum. Ég var nokkuð viss um að mér tækist að fanga athygli ykkar ef ég segði nokkra brandara – en það geri ég síðar.

Mig langar fyrst í stað að nálgast ykkur á nýstárlegan hátt. Ég ætla ekki að halda langa ræðu en hún verður út frá þremur kunnuglegum orðum. Mig langar að biðja ykkur að fylgja mér í eintali sálarinnar – sem er einskonar uppgjör við það sem ég á hvað erfðast með í nánun samskiptum. Þessi þrjú orð láta ekki mikið yfir sér og það reynist yfirleitt auðvelt að segja þau á öðrum tungumálum. Líklega er vandin í okkar ylhýra máli sá að þar hafa þau dýpri merkingu. Ég hef sjálfur átt erfitt með að segja þau og nota þau, ég er sparsamur á þau. Þessi þrjú orð, sem ég nefndi áðan, hljóma einfaldlega svona: Ég elska þig!

Sum ykkar nota e.t.v. þessi orð oft og iðulega en líklega er flestum svo farið að eiga erfitt með að segja við börn sín og jafnvel maka þessi þrjú kærleiksorð sem munu væntanlega lifa á meðan eðlilegur ferill á sér með tímgun mannsins.

Ég bið ykkur að hugleiða það hversu oft þið hafið gengið að rúmi barna ykkar og boðið þeim góða nótt og sagt um leið: Ég elska þig!

Ágætu áheyrendur. Við verðum að gefa okkur tíma til að velta fyrir okkur leiðarljósi lífs okkar. Slíkt myndi auka ánægjustundir og samveru með fjölskyldu og vinum.

Við þurfum að standa okkur í að breyta málum til betri vegar. Ef það á að takast, þá þarf að breyta hugsunarhætti þjóðarinnar. Gróðahyggi þessi fylgir lítillsvirðing fyrir verðmæti

manneskjunnar, agaleysinu fylgir dómgreindarleysi, tillitsleysi og siðleysi. Þessu verður að breyta. Við þurfum að bera meiri ábyrgð sem þjóðfélagsþegnar. Hver einasti maður á skilið að fá þá virðingu að vera viðurkenndur. Þess vegna þarf að upphesja aga, reglusemi, siðbót og menntun – ef við ætlum að hefja Ísland til þeirrar virðingar sem þjóðinni ber.

Það sem samfélagi okkar skortir hvað mest er einmitt kærleikur, samviskusemi og trú. Þessi þrjú orð fela allt þetta og mikið meira í sér.

Af hverju er ég að tala um þetta á gleðistund? Jú, af því að ég tel að hverju og einu okkar sé hollt að líta í eigin barm og spyrja: Er ég nýtur þjóðfélagsþegn? Legg ég allt það af mörkum sem ég get til að afkomendur mínir lifi og starfi í þeim anda sem okkur var kennt.

Hvað gefur annars lífinu gildi? Er það að vera ríkur? Já, fyrir suma. En alltof margir berjast í bökkum og hafa engan veginn nóg handa á milli – á



sama tíma og aðrir í okkar litla landi vita vart aura sinna tal.

Ykkar kynslóð man harðari tíma og meiri þrengingar og önnur húsakynni en við þekkjum í dag, minni þægindi, takmarkaðri fjölmiðlun o.s.frv. En ég held, því miður, að umhyggjan fyrir náunganum hafi vikið fyrir öðrum þáttum sem eru óæskilegri, samfara erli og hraða nútímans.

En ríkidæmi snýst um fleira en peninga. Þeir sem geta gefið sínum nánustu og öðrum samferðamönnum hlýju og kærleika eru líka ríkir! Um leið fær hver sá umbun er það gerir. Þá safna menn í kærleikssjóðinn sem ber hærri vexti en nokkur innlánsreikningur í banka. Allt þetta skiptir máli.


Það er hollt að hugsa um þetta – nú þegar hækkandi sól er handan hæðar – og ég bið ykkur, góðu vinir, allrar blessunar um ókomna tíð.

Fimm ára börn fengu bókargjöf

Í fyrrahaust sendi Akraneskirky bréf til allra 5 ára barna í sókninni og bauð þeim sérstaklega að heimsækja kirkjuskólann einn laugardaginn í nóvember. Þar var þeim færð að gjöf vönduð og falleg bók sem ber heitið: Kata og Óli fara til kirkju. Bók þessi var sérstaklega samin og myndskreytt fyrir þennan aldurshóp og hefur að geyma frásögn af því hvernig börn kynnst kirkjunni og læra að þekkja Guð og biðja. Bókinni er ætlað að vera útrétt

hönd frá kirkjunni til að styðja foreldra í trúaruppeldi barna sinna.

Helmingur barnanna, sem fékk boðsbref, þekktist þetta boð. Börnin tvö á þessari mynd voru þar á meðal.



Poppmessa og kvöldvaka á æskulýðsdegi

Margt var gert til fróðleiks, uppbyggingar og skemmtunar á æskulýðsdegi Þjóðkirkjunnar á Akranesi 3. mars s.l. Poppmessa var sungin í kirkjunni og var hún haldin þriðja árið í röð á þessum degi. Gospelkór Akraness og hljómsveit sá um söng og tónlist. Flutt voru vinsæl, trúarleg lög. Poppmessan var síðan endurtekin næsta sunnudag á eftir. Tæplega 700 manns komu í báðar messurnar og er það metþátttaka frá því að farið var að flytja þær!

Um kvöldið var síðan kvöldvaka æskulýðsdagsins haldin í safnaðarheimilinu. Gospelkórinn kom aftur fram ásamt hljómsveit og söng nokkur lög. Börn úr TTT-starfi voru með stutt atriði. Gestir kvöldsins voru þeir Þorsteinn Haukur Þorsteinsson, tollgæslumaður, og fikniefnahundurinn Bassi. Sagði Þorsteinn frá starfi Bassa og tollgæslunnar – og talaði almennt



um fikniefnavandann. Fékk hann mjög góða áheyrn en salurinn var þéttsetin þetta kvöld.

Áð kvöldvöku lokinni voru boðnar léttar veitingar.



Kvöldstund með Magnúsi Scheving

Foreldrum fermingarbarna var boðið til samverustundar í Safnaðarheimilinu Vinaminni 25. febrúar sl. í tilefni af væntanlegri fermingu. Hefur það verið ársvisst frá því að nýr sóknarprestur tók til starfa. Nýr fyrirlesari hverju sinni hefur fjallað um samskipti foreldra og unglinga.

Gestur að þessu sinni var Magnús Scheving, fyrrum heimsmeistari í þolfimi. lét hann gamminn geisa og talaði vítt og breitt um samskipti kynslóðanna og lífið og tilveruna al-



mennt. Í lokin fékk hann sóknarprestinn til að taka nokkrar armbeygur og réttur og vakti það mikla kátínu viðstaddra! Hannes Baldursson organisti og stjúpdóttir hans, Anna Björg Auðunsdóttir, léku saman á píanó og fíðlu nokkur tónverk og fengu mikið lof í lófa.

Tæplega 80 foreldrar sóttu þessa samkomu.

Leikmenn taka til máls

Leikmenn flytja stundum ræður við sérstök tilefni, bæði í Akraneskirku og á samkomum í safnaðarheimilinu. T.d. er venja að nýstúdent flytji hátíðarræðuna 17. júní og leikmaður sé ræðumaður kvöldsins á adventuhátíð safnaðarins.

Hér á eftir eru nöfn þeirra sem hafa verið ræðumenn við áður nefnd tækifæri á undanförunum árum.

17. júní:

1997: Silja Ingólfsdóttir.

1998: Anna Sólveig Smáradóttir.

1999: Karl Kristinn Kristjánsson.

2000: Gauti Jóhannesson.

2001: Sigrún Ósk Kristjánsdóttir.

Ræðumenn á adventuhátíð:

1997: Hörður Pálsson.

1998: Guðrún Vilhjálmisdóttir.

1999: Guðmundur Vésteinsson.

2000: Hrönn Ríkhardsdóttir.

2001: Kristján Sveinsson.

Biskup Íslands „vísiterar“ Akranes

Biskup Íslands, hr. Karl Sigurbjörnsson, mun vísitera Akranessöfnuð síðar í þessum mánuði, dagana 24. og 25. apríl. Með biskupi í för verða eiginkona hans, frú Kristín Guðjónsdóttir, prófastur Borgfirðinga og biskupsritari eða staðgengill hans af Biskupsstofu.

Tilgangur biskups með vísitasíu er að kynna söfnuðinum (fólkinu í bænum) og starfsemi kirkjunnar.

Dagskrá biskups verður í stórum dráttum þessi:

Fyrri daginn heimsækir hann fyrirtæki Haraldar Böðvarssonar & co, Brekkubæjarskóla, Grundaskóla, Bæjarskrifstofunnar, Landmælingar Íslands, Fjölbautaskólann, Sjúkrahús Akraness og húsnæði KFUM og K.

Seinni daginn, sumardaginn fyrsta, tekur biskup þátt í skrudgöngu skáta til kirkjunnar. Hann prédikar síðan í skátamessunni. Eftir hádegi heimsækir hann sambylin við Laugarbraut og Vesturgötu og því næst Dvalarheimil-

ið Höfða þar sem hann messar ásamt sóknarpresti. Síðdegis fundar biskup með sóknarnefnd og síðan verður biskupshjónunum boðið til kvöldverðar í Safnaðarheimilinu Vinaminni.

Þar með lýkur formlegri dagskrá en daginn eftir stendur biskup að svenefndum „kyrrðardegi presta“ í prófastsdæminu hér á Akranesi.

Sr. Björn Jónsson:

50 ára vígsluafmæli

Á þessu ári á sr. Björn Jónsson, fyrrv. sóknarprestur Akurnesinga, hálftrar áldar vígsluafmæli. Hann vígðist til prests 27. júlí 1952, aðeins 24 ára að aldri, þegar hann fékk veitingu fyrir Keflavíkurstakalli (Keflavíkur- og Njarðvíkursóknunum).

Sr. Björn þjónaði einungis tveim prestaköllum á langri starfsævi, í Keflavík og á Akranesi, í 23 ár á hvorum stað.

Í tilefni af vígsluafmæli sr. Björns verður efnt til hátíðarguðsþjónustu í Akraneskirku 6. október nk., daginn fyrir 75 ára afmæli hans, og mun hann þá sjálfur prédika og þjóna fyrir altari ásamt núverandi sóknarpresti Akurnesinga.

Eiga 10 ára starfsafmæli

Rætt við umsjónarmann safnaðarheimilis og kirkjuvörð

Magnea G. Sigurðardóttir og Þórný Elísdóttir hafa báðar starfað hjá Akraneskirrkju frá 1992. Þær eiga því 10 ára starfsafmæli nú í ár. Magnea er umsjónarmaður safnaðarheimilisins en Þórný meðhjálpari og kirkjuvörður.

Magnea annast útleigu og allan veitingarekstur og þríf í safnaðarheimilinu. Hún veitir einnig ýmiskonar aðstoð í safnaðarstarfinu. Þórný hefur aftur á móti umsjón með kirkjunni, sér um öll þríf á henni og aðstoðar við athafnir. Einnig hjálpar hún til í safnaðarheimilinu eftir föngum. Í sumarleyfum leysa þær stöllur hvor aðra af og gegna þá í raun tveim störfum samhliða.

Í fyrra komu 26 þúsund gestir í kirkjuna og álíka margir í safnaðarheimilið. Því er ljóst að oft mæðir mikið á kirkjuverði og umsjónarmanni safnaðarheimilis.

Ljúft að þjóna öðrum

Magnea starfaði áður á Leikskólanum Akraseli, sem var og hét, í ein 28 ár - en Þórný hjá fyrirtæki Haralдар Böðvarssonar í 21 ár. Þeim fannst því báðum orðið tímabært að skipta um starfsvettvang.

Magnea tók við starfi af Ragnheiði Guðbjartsdóttur í safnaðarheimilinu. Hún segir að það hafi verið heidur út af fyrir sig.

„Ragnheiður er mikill kirkjuvinur, eins og Akurnesingar vita, og hún hefur sýnt kirkjunni og safnaðarstarfinu mikla ræktarsemi,“ segir hún. „Hún var einstök í öllum sínum verkum, bæði sem kirkjuvörður og umsjónarmaður safnaðarheimilisins.“

– Hvernig kom það til að þú ákvaðst að sækja um þetta starf?

„Það á sínar skýringar. Ég hafði stundum hjálpað Ragnheiði og var því ekki með öllu ókunnug starfsemi safnaðarheimilisins. Auk þess hafði ég sungið með kirkjukórnum frá 1967 og var í sóknarnefnd í 8 ár. Ég hafði



því mikinn áhuga á að helga mig alveg störfum hjá kirkjunni.“

Þórnýju var boðið starf kirkjuvörðar og meðhjálpara eftir að það hafði verið auglýst og enginn sótt um það.

„Ég þráaðist nú fyrst við því mér leist ekkert á að þurfa að lesa upphafs- og lokabæn í hverri guðsþjónustu og sagðist ekki geta það,“ segir hún. „Þá spurði þáverandi formaður sóknarnefndar, Jóhannes Ingibjartsson, manninn minn að því hvort ég væri ekki læs. Hann staðfesti að svo væri. Þá leit Jóhannes á mig og sagði: Víst geturðu þetta! Ég fékk umhugsunarfrest til hádegis daginn eftir - og sló þá til. Ég sé ekki eftir því. Annars er ég nú ekki ókunnug þessum vettvangi því faðir minn var organisti en afi meðhjálpari um langt árabil.“

– En hvað finnst þeim Magneu og Þórnýju gefa störfum þeirra mest gildi?

„Við höfum kynnst mörgu góðu fólki og það hefur verið ljúft að fá að þjóna því, bæði í gleði og sorg,“ segja þær. „Fólk kann að meta þjónustu kirkjunnar og er mjög þakklátt fyrir það sem gert er fyrir það.“

Vinnutími þeirra kvenna er stundum langur. Auk þess að hafa fasta viðveru, þá mæta þær til starfa þegar eitt-

hvað er um að vera í safnaðarheimilinu og kirkjunni á kvöldin og um helgar. Það er því ljóst að bæði þessi störf eru mjög krefjandi.

Ekki störf fyrir ungar mæður

Magnea er gift Péttri Steinari Jóhannessyni og eiga þau tvo syni. Maður Þórnýjar er Friðrik Eldjárn Kristinsson og eiga þau 3 börn. Magnea er frá Hellissandi, líkt og sóknarpresturinn, en Þórný er fædd og uppalin í Álftafirði í Suður-Múlasýslu.

„Það vill til að börn okkar eru uppkomin því það er ekki auðvelt fyrir ungar mæður að búa við það vinnufyrirkomulag sem við höfum,“ segja þær. „Eiginmennirnir sýna störfum okkar, sem betur fer, mikinn skilning. Annars gætum við þetta ekki.“

Að lokum eru þær stöllur spurðar hvaða þættir það séu í félagsstarfinu sem þeim þyki skemmtilegast að koma að.

